

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

ÁRNI HELGASON

TILRAUN Í STÓRSEIÐAELDI.

(Áfangaskýrsla 2.)

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-R / 86025

VMST-R / 86025

Ágúst 1986

Inngangur

Þessi skýrsla er önnur áfangaskýrsla um framvindu mála í tilraun í eldi stórseiða, og á við tímabilið frá maí - ágúst. Skipulag og framkvæmd tilraunanna er óbreytt frá því sem lýst er í fyrstu áfangaskýrslu, og vísast til hennar varðandi þá þætti.

Yfirlit yfir stöðu

Framkvæmd tilraunanna hefur gengið samkvæmt áætlunum. Flokkun á endanlegum stórseiðahópum hefur verið framkvæmd í sumar og lýkur á næstu 1-2 mánuðum. Eftir að síðustu flokkun lýkur, verður hægt að merkja seiði í einstökum hópum og blanda saman í stærri kerjum. Það er talið mikilvægt að gera það eins snemma og mögulegt er til þess að minnka svonefnd kerjaáhrif á niðurstöður.

Framgangur seiðanna hefur verið eðlilegur og í sumum tilvikum mun betri en gert var ráð fyrir í áætlunum. Einkum er vöxtur seiða af Kollafjarðarstofni mun betri en viðmiðunarkúrva. (Sbr. línurit á mynd 1, en þar er viðmiðunarkúrva merkt Ísaksson). Laxárstofninn og Þverárstofninn, sem miðaði fremur hægt með framanaf hafa tekið verulegan kipp, en eru enn aðeins um 1/2 af meðalþyng Kollafjarðarstofnsins.

Yfirlit yfir fjármál

Í áfangaskýrslu 1 er get grein fyrir fjármálum fram til 01.04.86, en þá var í sjóði 66 þúsund krónur. Yfirlit yfir fjárreiður síðan eru sýndar í töflu 1.

Í heild standast áætlanir allvel, en einstakir þættir eru þó breytilegir hvað þetta varðar.

Tafla 1

Yfirlit yfir fjárrreiður RR52 fram til 31.08.86

<u>Skýring</u>	<u>Upphæð</u>	<u>Áætlað frávik</u>
<u>STYRKUR</u>		
Innborgun 1	400.000	
<u>Innborgun 2</u>	<u>120.000</u>	
	520.000	
<u>AÐSTAÐA</u>		
Tenging á vatnslögn	32.000	
Undirstöður undir tilraunaker	25.000	
Fóðrarar og fóðraraklukka	94.000	
<u>Varmaskiptir</u>	<u>90.000</u>	
	241.000	240.000 + 1%
<u>RANNSÓKNARTÆKI</u>		
<u>Vog</u>	<u>96.000</u>	
	96.000	60.000 +60%
<u>REKSTRARLIÐIR</u>		
Launakostnaður	80.000	130.000 -38%
Fóðurkaup	77.000	60.000 +28%
<u>Hrognakaup</u>	<u>48.000</u>	<u>40.000 +20%</u>
	205.000	230.000 -11%
Samtals innborgað	520.000	
Samtals ráðstafað	542.000	
Í sjóði	22.000	
Árni Helgason		

STORSEIDÆLDI

